

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/38/ESB

2014/EES/12/27

frá 12. ágúst 2013

um breytingu á tilskipun 2009/16/EB um hafnarríkiseftirlit (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) samþykkti, 23. febrúar 2006, samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (MLC 2006) í viðleitni til að búa til einn samhæfðan gerning, sem fæli í sér, eftir því sem unnt er, allar uppfærðar kröfur gildandi alþjóðlegra samþykktu og tilmæla um vinnuskilyrði farmanna ásamt þeim grundvallarreglum sem er að finna í öðrum alþjóðlegum vinnuálagssamþykktum.
- 2) Samkvæmt ákvörðun ráðsins 2007/431/EB⁽³⁾ fengu aðildarríkin heimild til að fullgilda samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, í þágu hagsmuna Evrópubandalagsins. Aðildarríkin skulu því fullgilda hana eins fljótt og auðið er.
- 3) Aðildarríki skulu, þegar þau framkvæma hafnarríkiseftirlitsskoðanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnar-

rikiseftirlit, ⁽⁴⁾ í tengslum við málefni, sem falla undir samninga sem þau hafa ekki enn fullgilt, og þar sem mælt er fyrir um að öll skip eigi að sæta eftirliti þar til berra embættismanna þegar þau eru í höfn annars samningsríkis eða -aðila, gera allt sem í þeirra valdi stendur til að fara að verklagsreglum og starfsreglum, samkvæmt þessum samningum, og skulu því láta vera að semja skýrslur, sem varða hafnarríkiseftirlit, og senda þær til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og/ eða Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Aðildarríki, sem hafa ekki enn fullgilt alþjóðasamning, sem fellur undir tilskipun 2009/16/EB, á þeim tíma sem hann öðlast gildi, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að setja sambærileg skilyrði um borð í skipum sínum í samræmi við kröfur þess samnings.

- 4) Til að tryggja samræmda nálgun aðildarríkja við skilvirka framfylgd alþjóðlegra krafna við framkvæmd bæði fánaríkis- og hafnarríkiseftirlitsskoðana og til að koma í veg fyrir að alþjóðleg lög og lög Sambandsins stangist á, skulu aðildarríkin stefna að því að fullgilda samningana eigi síðar en þann dag sem þeir öðlast gildi, a.m.k. þá hluta samninganna sem falla undir valdsvið Sambandsins.
- 5) Í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 eru settar fram kröfur, sem gilda um alla farmenn, án tillits til ríkisfangs þeirra og fána skipanna þar sem þeir starfa.
- 6) Að því er varðar tilskipun 2009/16/EB er ákjósanlegra, í stað þess að skilgreina hugtökin „farmaður“ og „áhöfn“, að skilja þau í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við það hvernig þau eru skilgreind eða skilin í viðkomandi alþjóðasamningum. Að því er varðar málefni, sem tengjast framfylgd samþykktar um vinnuskilyrði farmanna 2006, skal einkum skilja hugtakið „áhöfn“ þannig að það vísi til hugtaksins „farmaður“ eins og það er skilgreint í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna 2006.
- 7) Að því er varðar hvers konar málefni, sem falla undir þessa tilskipun og tengjast framfylgd samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, þ.m.t. að því er varðar skip þar sem alþjóðakóði um öryggisstjórnun skipa gildir ekki, skal skilja vísanir í hugtakið „félag“ í tilskipun 2009/16/EB sem „skipseigandi“, eins og það er skilgreint í viðeigandi ákvæði í samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna 2006, þar sem síðarnefnda skilgreiningin hæfir betur sérstökum þörfum samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 22/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 299, 4.10.2012, bls. 153.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2013.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 22.6.2007, bls. 63.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

- 8) Umtalsverðum hluta af kröfum samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, er hrint í framkvæmd innan laga Sambandsins með hjálp tilskipunar ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006 ⁽⁵⁾ og tilskipunar ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) ⁽⁶⁾. Aðildarríkin skulu framkvæma þær kröfur samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 sem falla innan gildissviðs tilskipunar 2009/13/EB eða tilskipunar 1999/63/EB, í samræmi við þessar tilskipanir.
- 9) Að meginreglu til skulu ráðstafanirnar, sem samþykktar eru til að framfylgja þessari tilskipun, ekki í neinum tilvikum réttlæta að aðildarríkin noti þær sem ástæðu til að draga úr almennu verndarstigi farmanna um borð í skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, samkvæmt gildandi félagsmálarétti Sambandsins.
- 10) Samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 inniheldur ákvæði um framfylgd þar sem ábyrgð ríkja, sem annast hafnarríkiseftirlit, er skilgreind. Til þess að vernda öryggi og koma í veg fyrir röskun á samkeppni skal aðildarríkjum heimilt að sannreyna hvort öll skip, sem hafa viðkomu í höfnum og akkerislægjum þeirra, fari að ákvæðum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, án tillits til þess undir hvaða fána skipin sigla.
- 11) Fjallað er um hafnarríkiseftirlit í tilskipun 2009/16/EB, þar sem tilgreina skal samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, sem og þá samninga þar sem yfirvöld aðildarríkja sannprófa í höfnum sínum hvort þeim hafi verið hrint í framkvæmd.
- 12) Þegar aðildarríki framkvæma hafnarríkiseftirlitsskoðanir, í samræmi við tilskipun 2009/16/EB, skulu þau taka tillit til ákvæða samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, þar sem mælt er fyrir um að samþykkja eigi skirteini um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna sem beina sönnun þess efnis að farið sé að kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.
- 13) Lög Sambandsins skulu einnig endurspegla málsmeðferðarreglurnar, sem settar eru fram í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, að því er varðar meðferð kvartana í landi í tengslum við málefni sem fjallað er um í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.
- 14) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tilskipunar 2009/16/EB skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvaldið. Framkvæmdastjórnin skal hafa rétt
- á að samþykkja framkvæmdargerðir: til að hrinda í framkvæmd aðferðum til að taka til athugunar almennar áhættubreytur, sérstaklega í tengslum við viðmiðanir fánaríkis og viðmiðanir um frammistöðu félags, til að tryggja samræmd skilyrði fyrir umfang viðtækra skoðana, þ.m.t. áhættusviðin sem á að skoða, til að tryggja samræmda beitingu verklagsreglna við eftirlit með skipum og verndarskoðanir skipa, til að koma á samræmdu, rafrænu sniði til að tilkynna kvartanir í tengslum við samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, til að setja samræmdar verklagsreglur fyrir hafnsögumenn og hafnaryfirvöld eða -aðila til að tilkynna um greinilegan vanbúnað og um aðgerðir til eftirfylgni sem aðildarríki grípa til og til að koma á fót ítarlegu fyrirkomulagi um birtingu upplýsinga um félög með lélega og mjög lélega frammistöðu, viðmiðanir um söfnun viðeigandi gagna og tíðni uppfærslna. Þetta er afar tæknilegt verkefni, sem framkvæma á innan ramma meginreglna og viðmiðana, sem ákvörðuð eru með þeirri tilskipun. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ⁽⁷⁾.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal ekki samþykkja framkvæmdargerðir í tengslum við aðferðir til að taka til athugunar almennar áhættubreytur, einkum varðandi viðmiðanir fánaríkis og viðmiðanir um frammistöðu félags, varðandi tilkynningar hafnsögumanna og hafnaryfirvalda- eða -aðila, þ.m.t. samræmdar verklagsreglur fyrir hafnsögumenn og hafnaryfirvöld eða -aðila til að tilkynna um greinilegan vanbúnað og varðandi aðgerðir til eftirfylgni, sem aðildarríki grípa til, og ítarlegt fyrirkomulag um birtingu upplýsinga um félög með lélega eða mjög lélega frammistöðu, ef nefndin, sem um getur í þessari tilskipun, skilar ekki álit um drög að framkvæmdargerðinni sem framkvæmdastjórnin leggur fram.
- 16) Þegar framkvæmdastjórnin setur framkvæmdarreglur skal hún sérstaklega taka tillit til sérþekkingar og reynslu, sem fengist hefur með skoðunarkerfi í Sambandinu, og byggja á sérþekkingu, sem fengist hefur með samkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, sem var undirritað í París 26. janúar 1982, í uppfærðri útgáfu („Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit“).
- 17) Framkvæmdarreglurnar, þ.m.t. tilvísanir í fyrirmæli og leiðbeiningar í Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, skulu ekki koma í veg fyrir að skoðunarmenn eða lögbært yfirvald beiti faglegu mati sínu eða hafi áhrif á sveigjanleikann, sem kveðið er á um í tilskipun 2009/16/EB.
- 18) Breyta skal skoðunargagnagrunninn, sem um getur í tilskipun 2009/16/EB, og þróa hann í samræmi við breytingarnar, sem eru innleiddar með þessari tilskipun, eða breytingar sem eru samþykktar innan ramma Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

- 19) Í Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit er leitast við að útrýma rekstri undirmálsskipa með samræmdu hafnarrikiseftirliti, sem felur í sér samræmda skoðun skipa sem hafa viðkomu í höfnum, þ.m.t. í höfnum aðildarríkja, á svæði Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit. Markmiðið með þessum skoðunum er að sannreyna að skip uppfylli alþjóðlegar öryggis-, verndar- og umhverfiskröfur og að aðbúnaður og vinnuskilyrði farmanna um borð sé fullnægjandi, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga. Þegar skoðanir fara fram og þegar vísað er í fyrirmæli og leiðbeiningar í Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit, skal taka tillit til þeirrar staðreyndar að þessi fyrirmæli og leiðbeiningar eru þróuð og samþykkt til að tryggja samræmi og til leiðbeiningar við skoðanir, með það í huga að stuðla að því að ná eins mikilli samleitni og auðið er.
- 20) Nauðsynlegt er að skoðunarmenn hafi tilskilda þjálfun til að þeir geti skoðað aðbúnað og vinnuskilyrði farmanna um borð og metið þjálfun þeirra og menntun og hæfi, til að sannreyna hvort farið sé að kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006. Siglingaöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin skulu vekja athygli á málefnum þjálfunar fyrir skoðunarmenn í þeim tilgangi að endurskoða hvort farið sé að samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.
- 21) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að uppfæra viðeigandi verklagsreglur með skjóttum hætti og stuðla þar með að jöfnum samkeppnis-kilyrðum fyrir sjóflutninga á heimsvísu, skal framkvæmdastjórninni falið vald til að breyta gerðum í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar breytingar á VI. viðauka við tilskipun 2009/16/EB, sem inniheldur skrá yfir „fyrirmæli“, sem voru samþykkt með Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit, með það í huga að verklagsreglurnar haldi gildi sínu og að unnt sé að framfylgja þeim á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, í samræmi við þær verklagsreglur sem eru samþykktar á alþjóðavettvangi og í samræmi við viðeigandi samninga. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin samhliða tryggja tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðirnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 23) Því ber að breyta tilskipun 2009/16/EB til samræmis við það.

- 24) Samkvæmt VIII. gr. á samþykktin um vinnuskilyrði farmanna, 2006 að öðlast gildi 12 mánuðum eftir dag þar sem skráð hefur verið að a.m.k. 30 aðilar að Alþjóðasiglingamálastofnuninni, sem eiga samanlagt 33% af brúttótonnatölu skipaflota heimsins, hafa fullgilt samþykktina. Þetta skilyrði var uppfyllt 20. ágúst 2012 og samþykktin um vinnuskilyrði farmanna, 2006 öðlast gildi 20. ágúst 2013.
- 25) Tilskipun þessi öðlast gildi á sama degi og samþykktin um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/16/EB

Tilskipun 2009/16/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
- Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið:
 - Ákvæði g-liðar falli brott.
 - Eftirfarandi liðir bætist við:
 - „i) samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006,
 - alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum, 2001 (AFS-samningurinn),
 - alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum mengunar sem stafar frá eldsneytisolíu skipa, 2001 (Bunkers-samningurinn, 2001),“
 - Eftirfarandi liðir bætist við:
 - „23. „skírteini um vinnuskilyrði farmanna“: skírteinið sem um getur í reglu 5.1.3 í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.
 - „yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna“: yfirlýsingin sem um getur í reglu 5.1.3 í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.“
 - Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Allar tilvísanir í þessari tilskipun í samninga, alþjóðakóða og ályktanir, þ.m.t. að því er varðar skírteini og önnur skjöl, teljast vera tilvísanir í uppfærðar útgáfur þessara samninga, alþjóðakóða og ályktana.“
- 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
- Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Við skoðun á skipi, sem siglir undir fána ríkis sem er ekki aðili að samningi, skulu aðildarríki tryggja að slíkt skip og áhöfn þess hljóti ekki hagstæðari meðferð en þá sem skip hlýtur sem siglir undir fána ríkis sem er aðili að þeim samningi. Slíkt skip skal sæta nákvæmri skoðun í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar með Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Ráðstafanir, sem eru samþykktar til að framfylgja þessari tilskipun, skulu ekki hafa í för með sér að dregið verði úr almennu verndarstigi farmanna, samkvæmt félagsmálarétti Sambandsins, á sviðum þar sem þessi tilskipun gildir, í samanburði við ríkjandi aðstæður í hverju aðildarríki. Ef lögbært yfirvald hafnarríkis verður vart við, í tengslum við framkvæmd þessara ráðstafana, skýrt brot á lögum Sambandsins um borð í skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, skal það, í samræmi við landslög og venjur, þegar í stað tilkynna það öllum öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum til að unnt sé að grípa til frekari aðgerða, eins og við á.“

3) Ákvæði 4. mgr. 8. gr. falli brott.

4) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni skal falið framkvæmdarvald til að hrinda í framkvæmd aðferðum til að taka til athugunar almennar áhættubreytur, einkum varðandi viðmiðanir fánaríkis og viðmiðanir um frammistöðu félags. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.“

5) Í stað 4. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„4. Kveðið er á um umfang viðtækrar skoðunar, þ.m.t. áhættusviðin sem á að skoða, í VII. viðauka. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja ítarlegar ráðstafanir til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu VII. viðauka. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.“

6) Í stað 4. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar ráðstafanir til að tryggja samræmda beitingu verklagsreglnanna, sem um getur í 1. mgr., og að því er varðar verndarskoðanirnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.“

7) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 17. gr.:

„Ef komist er að því, í kjölfar nákvæmrar skoðunar, að aðbúnaður og vinnuskilyrði um borð í skipum eru ekki í samræmi við kröfur samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006, skal skoðunarmaður þegar í stað vekja athygli skipstjóra skipsins á þessum annmörkum ásamt tilskildum fresti til að ráða bót á þeim.

Ef skoðunarmaðurinn telur að þessir annmarkar séu umtalsverðir eða að þeir tengist hugsanlegri kvörtun, skv. 19. lið A-hluta V. viðauka, skal skoðunarmaður einnig gera viðkomandi samtökum farmanna og skipaeigenda í aðildarríkinu, þar sem skoðunin fer fram, viðvart um annmarkana og er heimilt að:

a) tilkynna það fulltrúa fánaríkisins,

b) veita lögbærum yfirvöldum í næstu viðkomuhöfn viðeigandi upplýsingar.

Að því er varðar málefni, sem varða samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, skal aðildarríkið, þar sem skoðunin er framkvæmd, eiga rétt á að senda afrit af skýrslu skoðunarmannsins, en henni eiga að fylgja öll svör sem kunna að hafa borist innan tilskilins frests frá lögbæru yfirvaldi fánaríkisins, til forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar með aðgerðir í huga, sem kunna að teljast viðeigandi og ráðlegar, til að tryggja að haldin sé skrá yfir slíkar upplýsingar og þeim komið á framfæri við aðila sem kynnu að hafa áhuga á að nýta sér viðeigandi málskotsúrræði.“

8) Í stað fjórðu málsgreinar 18. gr. komi eftirfarandi:

„Hvorki skal upplýsa skipstjóra né skipseiganda um deili á þeim sem ber fram kvörtunina. Skoðunarmaðurinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé með kvartanir farmanna sem trúnaðarmál, þ.m.t. að trúnaður sé tryggður meðan á öllum viðtölum við farmenn stendur.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

Málsmeðferð um kvörtun farmanns í landi samkvæmt samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006

1. Heimilt er að tilkynna kvörtun farmanns til skoðunarmanns í þeirri höfn sem skip farmannsins á viðkomu, þar sem gefið er í skyn að brotið sé á kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (þ.m.t. á réttindum farmanna). Í slíkum tilvikum skal skoðunarmaður standa fyrir frumrannsókn málsins.

2. Eftir því sem við á, með tilliti til eðlis kvörtunarinnar, skal frumrannsóknin fela í sér að athugað verði hvort málsmeðferð um kvörtun um borð, sem kveðið er á um í reglu 5.1.5 í samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, hafi verið fylgt eftir. Skoðunarmanni er einnig heimilt að framkvæma nákvæmari skoðun í samræmi við 13. gr. þessarar tilskipunar.

3. Skoðunarmaðurinn skal, eftir því sem við á, leitast við að fundin verði lausn á kvörtun um borð í skipinu.

4. Þegar rannsóknin eða skoðunin leiðir í ljós frávik, sem fellur undir gildissvið 19. gr., skal ákvæði þeirrar greinar gilda.

5. Ef ákvæði 4. mgr. eiga ekki við og ef ekki hefur verið fundin lausn á kvörtun farmanns um borð í skipinu, í tengslum við mál sem falla undir samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, skal skoðunarmaðurinn þegar í stað tilkynna fánaríkinu um það, leita ráða, innan tilskilins frests, og fara fram á að fánaríkið leggi fram áætlun um aðgerðir til úrbóta. Senda skal skýrslu á rafrænu formi um allar skoðanir, sem hafa verið framkvæmdar, til skoðunargagnagrunnsins sem um getur í 24. gr.

6. Ef ekki hefur verið fundin lausn á kvörtuninni, í kjölfar aðgerða sem gripið hefur verið til skv. 5. mgr., skal hafnarrikið senda afrit af skýrslu skoðunarmannsins til forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Skýrslunni skulu fylgja öll svör sem berast innan tilskilda frestsins frá lögbæru yfirvaldi fánaríkisins. Viðkomandi samtök farmanna og skipaeigenda í hafnarrikinu skulu upplýst með svipuðum hætti. Auk þess skal hafnarrikið reglulega senda forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar hagskýrslur og upplýsingar um kvartanir þar sem lausn hefur fundist.

Þessi gögn skulu lögð fram til að tryggja að á grunni slíkra aðgerða, sem kunna að teljast viðeigandi og ráðlegar, sé haldin skrá yfir slíkar upplýsingar og henni komið á framfæri við aðila, þ.m.t. samtök farmanna og skipaeigenda, sem kynnu að hafa áhuga á að nýta sér viðeigandi málskotsúrræði.

7. Til þess að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar greinar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til þess að koma á samræmdu, rafrænu sniði fyrir skýrslugjöf um framhaldsaðgerðir, sem aðildarríkin grípa til, og setja samræmdar verklagsreglur þar að lútandi. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.

8. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 18. gr. Fjórða málsgrein 18. gr. gildir einnig um kvartanir sem tengjast málefnum sem falla undir samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006.“

10) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. gr. a. Ef um er að ræða aðbúnað og vinnuskilyrði um borð, sem augljóslega stofna öryggi, heilbrigði eða vernd farmanna í hættu, eða annmarka sem fela í sér alvarleg eða endurtekin brot á kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (þ.m.t. á réttindum farmanna), skulu lögbær yfirvöld hafnaríkisins, þar sem skipið er skoðað, tryggja að farbann sé lagt á skipið eða að starfsemi, sem innt var að hendi þegar annmarkarnir uppgötvuðust, verði stöðvuð.

Úrskurði um farbann eða stöðvun starfsemi skal ekki aflétt fyrr en ráðin hefur verið bót á þessum annmörkum eða lögbært yfirvald hefur samþykkt aðgerðaáætlun um að ráða bót á þessum annmörkum og hefur fullvissað sig um að áætlunin verði framkvæmd með skjóttum hætti. Áður en skoðunarmaður samþykkir aðgerðaáætlun getur hann haft samráð við fánarikið.“

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ef farbann er lagt á skip skal lögbært yfirvald þegar í stað tilkynna það skriflega, og láta fylgja skýrslu um skoðunina, til stjórnvalds fánaríkis eða, þegar það er

ekki hægt, til ræðismanns eða, í fjarveru hans, til næsta sendifulltrúa þessa ríkis, um þær ástæður sem ollu því að ihlutun var talin nauðsynleg. Auk þess skal, þegar það á við, einnig tilkynna um tilnefnda skoðunarmenn eða viðurkenndar stofnanir sem bera ábyrgð á útgáfu flokkunarskírteina eða lögbodinna skírteina í samræmi við samninga. Enn fremur, ef komið er í veg fyrir að skip sigli sökum alvarlegra eða endurtekinna brota á kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (þ.m.t. á réttindum farmanna) eða sökum þess að aðbúnaður og vinnuskilyrði um borð stofna augljóslega öryggi, heilbrigði eða vernd farmanna í hættu, skal lögbært yfirvald tafarlaust tilkynna fánaríkinu um það og bjóða fulltrúa fánaríkisins að vera viðstaddur, ef unnt er, með ósk um að fánarikið svari innan tilskilins frests. Lögbæra yfirvaldið skal einnig þegar í stað upplýsa viðkomandi samtök farmanna og skipaeigenda í hafnarrikinu þar sem skoðunin fór fram.“

11) Í stað 5. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„5. Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja ráðstafanir til að hrinda þessari grein í framkvæmd, þ.m.t. samræmdar verklagsreglur fyrir hafnsögumenn og hafnaryfirvöld eða -aðila til að tilkynna um greinilegan vanbúnað og um aðgerðir til eftirfylgni sem aðildarríki grípa til. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.“

12) Í 27. gr. komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að koma á ítarlegu fyrirkomulagi um birtingu upplýsinganna, sem um getur í fyrstu málsgrein, viðmiðana til að safna saman viðeigandi gögnum og tíðni uppfærslu. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr.“

13) Eftirfarandi greinar bætist við:

„30. gr. a

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 30. gr. b, að því er varðar breytingarnar á VI. viðauka, til þess að bæta fyrirmælum í tengslum við hafnarrikiseftirlit, sem samþykkt eru innan ramma stofnunar Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit, í skrána í VI. viðauka.

30. gr. b

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 30. gr. a, á fimm ára tímabili sem hefst 20. ágúst 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Tímabilið, sem tekur til framsals valds, skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli slíkri framlengingu, eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 30. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 30. gr. a, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

14) Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

„31. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002(*). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Ef nefndin skilar engu álitum um drög að framkvæmdargerð, sem samþykkja á skv. 3. mgr. 10. gr., 5. mgr. 23. gr. og annarri málsgrein 27. gr., eftir því sem við á, skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*). Stjtið. ESB L 324, 29.11.2005, bls. 1.“

15) Ákvæði 32. gr. falli brott.

16) Í stað 33. gr. komi eftirfarandi:

„33. gr.

Framkvæmdareglur

Þegar framkvæmdastjórnin setur framkvæmdareglurnar, sem um getur í 3. mgr. 10. gr., 4. mgr. 14. gr., 4. mgr. 15. gr., 7. mgr. 18. gr. a, 5. mgr. 23. gr. og 27. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 31. gr., skal hún gæta þess sérstaklega að þessar reglur taki tillit til þeirrar sérfræðipækningar og reynslu, sem áunnist hefur í Sambandinu, og byggja á sérþekkingu á vettvangi Parísarsamkomulagsins um hafnaríkiseftirlit.“

17) Ákvæði liðar 2B í II. hluta I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fimmta undirliðar komi eftirfarandi:

„– skip, þar sem skýrsla eða kvörtun, þ.m.t. kvörtun í landi, hefur borist frá skipstjóra, skipverja eða einstaklingi eða stofnun, sem á réttmætra hagsmuna að gæta varðandi örugga starfsemi skips, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð eða mengunarvarnir, nema hlutaðeigandi aðildarríki telji slíka skýrslu eða kvörtun augljóslega ekki á rökum reista.“

b) Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– skip, þar sem samþykkt hefur verið aðgerðaáætlun, til að ráða bóta á annmörkum, eins og um getur í 2. mgr. a í 19. gr., en þar sem skoðunarmaður hefur ekki haft eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar.“

18) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 14., 15. og 16. liðar komi eftirfarandi:

„14. Læknisvottorð (sjá samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006).

15. Tafla með upplýsingum um vinnutilhögun um borð (sjá samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006 og STCW-samþykkt 78/95).

16. Skrár yfir vinnu- og hvíldartíma farmanna (sjá samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006).“

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„45. Skírteini um vinnuskilyrði farmanna.

46. Yfirlýsing um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna, I. og II. hluti.

47. Alþjóðlegt skírteini fyrir gróðurhindrandi efni og/ eða búnað.

48. Tryggingarskírteini eða einhver önnur fjárhagsleg trygging gegn skaðabótaábyrgð vegna tjóns af völdum mengunar sem stafar frá eldsneytisólíu skipa.“

19) Eftirfarandi liðir bætist við í A-hluta V. viðauka:

„16. Umbeðin skjöl, samkvæmt samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, eru ekki lögð fram, eru ekki viðhaldin, eru fölsk eða, ef þau skjöl sem eru lögð fram, innihalda ekki þær upplýsingar sem krafist er, samkvæmt samþykkt um vinnuskilyrði farmanna, 2006, eða eru að öðru leyti ógild.“

17. Aðbúnaður og vinnuskilyrði um borð í skipinu eru ekki í samræmi við kröfur samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

18. Rökstudd ástæða er til að ætla að skipið hafi skipt um fána í því skyni að forðast að uppfylla kröfur samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

19. Kvartanir liggja fyrir þar sem gefið er í skyn að tiltekinn aðbúnaður og vinnuskilyrði um borð í skipinu séu ekki í samræmi við kröfur samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.“

20) Lið 3.10 í X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„Svið samkvæmt samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006“

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„8. Aðstæður um borð stofna augljóslega öryggi, heilbrigði eða vernd farmanna í hættu.“

9. Frávikið felur í sér alvarlegt eða endurtekið brot á kröfum samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (þ.m.t. á réttindum farmanna), í tengslum við aðbúnað og vinnuskilyrði farmanna um borð í

skipinu, eins og mælt er fyrir um í skirteini skipsins um vinnuskilyrði farmanna og yfirlýsingu um samræmi við reglur um vinnuskilyrði farmanna.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. nóvember 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi 20. ágúst 2013, á gildistökudegi samþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 2006.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

L. LINKEVIČIUS